

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – September 2018

Skráð atvinnuleysi var 2,3% í september

Skráð atvinnuleysi í september var 2,3% og var óbreytt frá ágúst mánuði. Að meðaltali fjölgaði um 741 á atvinnuleysissskrá í september í ár frá september í fyrra (2017), en þá mældist skráð atvinnuleysi 1,8%.

Atvinnuleysi var óbreytt bæði á höfuðborgarsvæðinu svo og á landsbyggðinni frá ágúst mánuði. Alls voru 2.170 karlar að jafnaði atvinnulausir í september og 1.932 konur. Var atvinnuleysi 2,2% meðal karla og 2,4% meðal kvenna og jókst um 0,1 prósentustig meðal karla en minnkaði um 0,1 prósentustig meðal kvenna. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í september eða 3,2% en minnst á Vestfjörðum og Austurlandi 1,2% og 1,3% á Norðurlandi vestra.

Alls fóru 647 einstaklingar af skrá í september mánuði, þar af fóru 358 í vinnu eða vinnumarkaðsúrræði, eða um 55%. Þá voru 198 (31%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok september, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu umsókn til baka.

Alls komu inn 159 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í september.


Greiddar voru 992 milljónir í atvinnuleysistryggingar í september, 916 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga, 46 milljónir vegna tekjutengdra trygginga og 30 milljónir vegna barnadagpeninga.

Í september gaf Vinnumálastofnun út 189 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.564 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í september voru 76 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 60 framlengd leyfi og 53 leyfi til námsmanna.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.416 á vegum 29 starfsmannaleiga í september. Á sama tíma í fyrra voru starfsmenn á vegum starfsmannaleiga alls 2.044.

Alls voru 1.428 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok september eða um 33% allra atvinnulausra.

Skráð atvinnuleysi frá sept. 2016 til sept. 2018




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í september og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í september mældist eins og fyrr segir 2,3% og voru að jafnaði 4.102 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 157 á atvinnuleysissskrá frá ágúst. Hins vegar var í september 741 fleiri á atvinnuleysissskrá en í september 2017.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í september eða 3,2% og 2,5% á höfuðborgarsvæðinu. Minnsta atvinnuleysið var á Vestfjörðum og Austurlandi, 1,2% og 1,3% á Norðurlandi vestra.



Alls voru 2.170 karlar að jafnaði atvinnulausir í september og 1.932 konur og var atvinnuleysi 2,2% meðal karla og 2,4% meðal kvenna. Atvinnuleysi jókst um 0,1 prósentustig milli mánaða hjá körlum en minnkaði um 0,1 prósentustig hjá konum.

Alls voru 474 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok september í ár sem samsvarar um 1,7% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað um 97 frá september 2017 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 377.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 905 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok september en voru 819 í septemberlok 2017. Hefur þeim því fjölgað um 86 milli ára. Hlutfall langtíma-atvinnulausra var um 21% af öllum á atvinnuleysissskrá í september í ár en var um 22% í september í fyrra (2017).

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

992 milljónir

Í SEPTEMBER

Þar af voru:

916 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

30 milljónir vegna barnadagpeninga.

46 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.


Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fækkaði í upplýsinga- og fjarskiptagreinum frá september 2017 til september í ár, en aukning var í flestum öðrum atvinnugreinum, mest í mannvirkjastarfsemi, fiskvinnslu, ýmsri sérhæfðri þjónustu o.fl.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði sérfræðingum á atvinnuleysissskrá milli ára,, en mest fjölgun atvinnulausra varð meðal iðnaðar- manna og starfsfólks í fiskvinnslu.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.428 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok september eða um 33% allra atvinnulausra og hefur hlutfallið verið svipað frá því í byrjun sumars. Þessi fjöldi samsvarar um 4,8% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Þólförjum fækkaði töluvert í hópi atvinnuleitenda milli ágúst og september en fjöldi annarra útlendinga breyttist lítið.



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 775, sem er um 54% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar og Lettar, en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok sept. 2018



Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi muni byrja að aukast í takt við árstíðasveiflu í október og verða á bilinu 2,2% til 2,4%.

Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa


Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 647 einstaklingar af skrá í septembermánuði, þar af fóru 358 í vinnu eða vinnumarkaðsúrræði, eða um 55%. Þá voru 198 (31%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok september, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu umsókn til baka. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, 23 einstaklingar voru afskráðir þar sem þeir voru óvinnufærir, 13 einstaklingar fóru í fæðingarorlof og aðrir 13 höfðu fullnýtt bótarétt sinn.

Karlar voru 53% þeirra sem afskráðust í september. Um 72% afskráðra, eða 463, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár og 18% (117) í 6 til 12 mánuði. Um 10% afskráðra (67) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár. Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára, eða 35%. Um 27% voru 30-39 ára og 38% 40 ára eða eldri. Nokkur munur er á afskráningarástæðum eftir aldri. Um 62% fólks á aldrinum 40-49 ára afskráði sig vegna þess að það var komið í vinnu og 56% fólks á aldrinum 30-39 ára. Hlutfallið var 52% hjá aldurshópnum 18-29 ára og 50 ára og eldri.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysisráði í september 2018



Auglýst störf í vinnumiðlun í september

Alls komu inn 159 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í september. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest stjórnunar-sérfræði- og skrifstofustörf eða 39 störf. Þá voru auglýst 32 störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði o.fl. og 31 starf verkafólks í ýmiss konar þjónustu. Flest þessara starfa teljast almenn störf eða um 84%. Annað er ýmist átaksverkefni, reynsluráðningar eða störf fatlaðra.

Rétt um helmingur þessara starfa eða 51% var á höfuðborgarsvæðinu, 15% á Vesturlandi og 11% á Suðurnesjum. Þá voru 23% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	39	25%
Þjónustustörf	24	15%
Afgreiðslustörf	22	14%
Iðnaðarmenn	11	7%
Verkafólk í þjónustu	31	19%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	32	20%
Samtals	159	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir


um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara þá af skrá tímabundið á meðan á úrræðinu stendur.

Í september tóku 919 einstaklingar þátt í slíkum úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum sem er um 110% aukning frá síðasta mánuði. Mest var aukningin í svokölluðum námskeiðum en 253 einstaklingar fóru á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en nokkrir fóru á tölvu- og bókhaldsnámskeið eða önnur starfstengd námskeið. Einnig var töluverð aukning í grunnúrræðum en af þessum 919 voru 389 einstaklingar í ýmiss konar grunnúrræðum. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Að auki voru 56 einstaklingar sem voru skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í september unnu 24 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 102 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana.

Loks voru 37 einstaklingar með vinnusamning öryrkja í september. Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem hafa ráðið fólk með skerta starfsgetu til starfa. Þeim samningum er ætlað að auka tækifæri atvinnuleitanda með skerta starfsgetu til að ráða sig í vinnu á almennum markaði.


Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í september 2018



Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í september voru gefin út 43 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, september 2018



Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 23 einstaklingar, sjö einstaklingar fóru til Litháen og 13 einstaklingar til sex annarra ríkja. Það sem af er ári hafa verið gefin út 467 U2 vottorð. Í september komu sex einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slíkt vottorð frá öðrum EES-ríkjum, fjórir frá Danmörku, einn frá Sviss og einn frá Noregi. Það sem af er ári hafa 47 einstaklingar komið til landsins með slíkt vottorð.


ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI

45 launamönnum
vangoldin laun vegna gjaldþrota
fyrirtækja í september

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í september voru gefin út 93 U1 vottorð. Líkt og

undanfarna mánuði voru flest vottorðin gefin út til Póllands (31), þá fóru 18 til Spánar og 15 til Tékklands. Það sem eftir stendur, eða 29 vottorð, fór til 14 annarra ríkja. Það sem af er ári hafa verið gefin út 784 U1 vottorð.

Útflutt réttindi í atvinnuleisstryggingakerfinu eftir löndum, september 2018




Útlendingar

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Enginn samdráttur í útgáfu atvinnuleyfa í ár miðað við 2017

Í september gaf Vinnumálastofnun út 189 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.564 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í september voru 76 til nýrraútlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 60 framlengd leyfi og 53 leyfi til námsmanna.

Útgefin atvinnuleyfi eftir mánuðum



Alls hafa 298 fyrirtæki nýtt sér þjónustu starfsmannaleiga það sem af er ári

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 36 erlend fyrirtæki starfandi í september 2018. Fjöldi starfsmanna á vegum erlendra fyrirtækja var samtals 262 í september og hefur þeim fjölgað um 44 frá síðasta mánuði. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.416 á vegum 29 starfsmannaleiga. Á sama tíma í fyrra voru starfsmenn á vegum starfsmannaleiga alls 2.044.

Starfsmönnum starfsmannaleiga hefur fækkað frá því í ágúst s.l. um 156.

Það sem af er ári hafa 298 fyrirtæki nýtt sér þjónustu starfsmannaleiga. Hefur þeim fjölgað úr 260 í 298 eða um 38 fyrirtæki frá því í fyrra.

Umfjöllun fréttaskýringarþáttarins Kveiks

Fréttaskýringarþátturinn Kveikur fjallaði um það 2. október sl. hvernig brotið er á sumu erlendu starfsfólki á Íslandi. Þar var því haldið fram að Vinnumálastofnun sem ábyrgð ber á framkvæmd laga um starfsmannaleigur, hefði ekki staðið sig nægilega vel í beitingu þeirra viðurlaga sem til staðar væru þegar slík brot væru framin.

Að kvöldi 4. október fékk stofnunin svo tækifæri til að koma sjónarmiðum sínu á framfæri í **[Kastljósþætti RÚV](#)** og varð Unnur Sverrisdóttir aðstoðarforstjóri þar til svara. Í þættinum kom skýrt fram hver munurinn væri á eftirliti VMST annars vegar og stéttarfélaganna hins vegar. Þar gafst tækifæri til að útskýra það ferli sem stofnunin

vinnur eftir og skilað hefur miklum árangri í stórum hluta mála. Jafnframt var gerð grein fyrir því, að í sumar sem leið tóku gildi breytingar á lögnum sem eru til þess fallnar að styrkja eftirlit Vinnumálastofnunar og auka réttaröryggi þeirra starfsmanna sem hingað koma til starfa hjá starfsmannaleigum. Auk þess var gerð grein fyrir því að flest þau mál sem fjallað var um í þættinum eru svo alvarlegs eðlis að þar er um refsiverð brot að ræða.

Vinnumálastofnun fagnar umfjölluninni um málefnið þótt hún varpi ljósi á slæmar hliðar vinnumarkaðarins og



það er einlæg von stofnunarinnar að samstarf allra hlutaðeigandi aðila með hin nýju lög að vopni muni geta fækkað hreinum vinnumarkaðsglæpum á íslenskum vinnumarkaði.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra